

Fréttatilkynning – styrkúthlutun Öll vötn til Dýrafjarðar

Auglýst var eftir styrkumsóknum 17. desember 2018 úr sjóði sem verkefnisstjórn Allra vatna til Dýrafjarðar veitir úr í umboði Byggðastofnunar fyrir verkefnastyrki til nýsköpunar- og samfélagsverkefna á Þingeyri og við Dýrafjörð.

Umsóknarfrestur rann út 15. janúar 2019. Til úthlutunar voru 7 milljónir. Alls bárust 39 umsóknir sem er metfjöldi á landsvísu. Aldrei hafa borist eins margar umsóknir í tengslum við úthlutun í brothættum byggðum. Heildarumfang verkefna er umsóknir lúta að er um 120 milljónir. Sótt var um rúmlega 30 milljónir. Allt voru þetta umsóknir sem féllu vel að verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar en eins og gefur að skilja, þá var ekki til fjármagn til að úthluta til allra í fyrstu umferð. Reynt var að velja sem fjölbreyttust verkefni og m.a. var stuðst við stigagjöf eftir mat á tilteknum þáttum. Úthlutað var styrkjum til 16 verkefna tengdum menningu og listum, atvinnuuppbyggingu og nýsköpun. Allt eru þetta verkefni sem verkefnisstjórn telur líkleg til árangurs og að þau muni hafa jákvæð áhrif á Þingeyri og við Dýrafjörð.

Þeir aðilar sem sendu inn umsóknir núna en fengu ekki úthlutað, verða hvattir til að senda þær aftur inn í næstu úthlutun. Stefnt er að því að auglýsa eftir styrkumsóknum strax aftur eða núna í mars, með úthlutun í apríl 2019.

Verkefnisstjórn Allra vatna til Dýrafjarðar.